



Alþingi
Erindi nr. P 138/739
komudagur 10.12.2009

10. desember 2009
SÍ-57241

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 30. nóvember 2009, óskaði formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis eftir mati Seðlabanka Íslands að áhrifum skattabreytinga á ráðstöfunartekjur og greiðslubyrði heimilanna að frumkvæði þingmannsins og fulltrúa í nefndinni, Tryggva Þórs Herbertssonar.

Mat á áhrifum fyrirhugaðra skattaáðgerða á einstaka þjóðfélagshópa er utan sérfræðisviðs Seðlabanki Íslands og því fremur hlutverk fjármálaráðuneytisins eða annarra stofnana stjórnkerfisins. Í ljósi þess að ákveðnir þættir fyrirspurnarinnar snerta gagnagrunn um eignir og skuldir heimila sem bankinn hefur byggt upp undanfarið ár vill Seðlabankinn þó taka fram eftirfarandi.

Spurning 1: Hversu mörg heimili færast yfir í þann flokk sem ekki ræður við skuldir sínar við fyrirhugaða lækkun ráðstöfunartekna (þ.e. tekjuskattshækkun)?

Hér er væntanlega verið að biðja um mat á áhrifum fyrirhugaðra tekjuskattsbreytinga sem felast í tillögu ríkisstjórnarinnar um þriggja-þrepa tekjuskattskerfi miðað við núverandi kerfi, þ.m.t. núverandi hátekjuskatt. Gera má ráð fyrir að einnig sé beðið um áhrif sk. auðlegðarskatts.¹ Ekki er hins vegar ljóst hvort í viðmiðunardæmi sé gert ráð fyrir að önnur tekjuöflun ríkissjóðs komi í staðinn eða hvort gert sé ráð fyrir samsvarandi niðurskurði útgjalda í staðinn.

Að öðru leyti er því er til að svara að vinna við að meta áhrif fyrirhugaðra skattaáforma á ráðstöfunartekjur og á þjóðarþúskaþinginn almennt er nú hafin í Seðlabankanum í tengslum við þjóðhagssþá bankans sem næst mun birtast 27. janúar nk. Vinnan mun hins vegar taka nokkurn tíma enda fjárlagafrumvarpið ekki samþykkt enn og ýmsar skattatillögur því ekki fullmótaðar og frágengnar.

Samhliða er einnig unnið að mati á áhrifum ýmissa tillagna stjórnvalda um greiðsluáðlögun og -jöfnun á ráðstöfunartekjur

¹ Þó er rétt að geta þess að erfitt er að leggja mat á áhrif skatta á eignir heimila þar sem gagnagrunnur bankans inniheldur ekki upplýsingar um allar eignir þeirra.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

og efnahag heimila. Vafasamt er að leggja mat á áhrif skattabreytinga á efnahag þeirra tekjuhópa sem verst standa án þess að jafnframt sé tekið tillit til áhrifa þessara aðgerða. Þessi vinna er einnig unnin í tengslum við næstu þjóðhagsspá bankans og mun henni vonandi ljúka fljótlega eftir áramót. Að henni lokinni ætti bankinn að geta svarað ofangreindri spurningu nánar.

Spurning 2: Hvaða áhrif hefur virðisaukaskattshækkun á a) greiðslugetu heimilanna, b) hækkun verðtryggðra lána?

Sé með greiðslugetu átt við sambærileg áhrif og spurt er um í spurningu 1, er ekki hægt að svara spurningu a) þar sem gagnagrunnur Seðlabankans inniheldur ekki upplýsingar um neysluhegðun mismunandi tekjuhópa.

Almennt séð má þó benda á að talið er að hækkun virðisaukaskatts í janúar muni hækka vísitölu neysluverðs um u.þ.b. 1%. Því liggur fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni dragast saman um u.þ.b. 1% að öðru óbreyttu vegna hækkunar virðisaukaskatts. Því verður samsvarandi upphæð ekki lengur til ráðstöfunar til að greiða af lánnum að öðru óbreyttu.

Varðandi spurningu b), þá hækka verðtryggð lán með sama hætti um u.þ.b. 1% að öðru óbreyttu.

Spurning 3: Hver eru almenn áhrif skattahækkana á ráðstöfunartekjur og greiðslugetu heimilanna?

Skattahækkarnir eru til þess fallnar að lækka ráðstöfunartekjur og minnka greiðslugetu heimilanna að öðru óbreyttu.

Sé verið að leita eftir nákvæmara svari en þessu þarf að tilgreina nákvæmlega hvað spurt er um og hvaða forsendum eigi að byggja á. Að öðru leyti eiga athugasemdir við spurningu 1 við.


Spurning 4: Hvaða áhrif hefur frysting persónuafsláttar á greiðslugetu heimilanna?


Samkvæmt fjárlögum á persónuafsláttur að hækka um 2.000 kr., sem samsvarar 4,7% hækkun frá fyrra ári. Áður hafði verið áætlað að afslátturinn hækkaði jafnt og verðlag. Ef svo hefði verið hefði hann átt að hækka um 12,4%, sem samsvarar hækkun um 5.233 kr. eða um 3.233 kr. meira en nú er gert ráð

fyrir. Greiðslugeta einstaklings verður sem því nemur minni á mánuði að öðru óbreyttu.

Sé hins vegar spurt um nánari mat á áhrifum þessara aðgerðar á greiðslugetu mismundi tekjuhópa á athugasemd við spurningu 1 við.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur